

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Deiliskipulag skólasvæðisins við Höfðahlíð.*

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 15. október 2019 samþykkt deiliskipulag fyrir skólasvæðið við Höfðahlíð.

Skipulagið felur í sér að afmarkaður er byggingarreitur fyrir nýjan leikskóla með tengingu við suðurhlíð núverandi íþróttahúss. Þá er gert ráð fyrir breytingum á núverandi bílastæðum auk nýrra bílastæða á suðvesturluta svæðisins, með aðgengi frá Drangshlíð.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi Hlíðarhverfis.*

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 15. október 2019 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Hlíðarhverfi.

Breytingin felur í sér að afmörkun skipulagssvæðisins er breytt í samræmi við nýtt deiliskipulag fyrir skólasvæðið við Höfðahlíð.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi Glerárgils.*

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 15. október 2019 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Glerárgil.

Breytingin felur í sér afmörkun skipulagssvæðisins í samræmi við nýtt deiliskipulag fyrir skólasvæðið við Höfðahlíð.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 9. janúar 2020,*

**Margrét M. Róbertsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.